

Raforkumálastjóri
Jarðhitadeild

SÝNIEINTAK
-má ekki fjarlægja

144
1966

JARÐLAGASNIÐ. HVERAVÍK Í STEINGRÍMSFIRÐI

Eftir

Hrefnu Kristmannsdóttur og Jens Tómasson

Október 1966

HVERAVÍK, STEINGRÍMSFIRÐI 16.6. - 30.6. 1965

- 11,0 - 13,9 m Grábrúnt, myndbreytt basalt, nokkuð blöðrótt. Blöðrur fylltar hvítum og einnig grænsvörtum leirkenndum holufyllingum. Lítið sprungið.
- 13,9 - 14,5 Brúnt millilag, stökkt, molast mjög, svarbrúnt við mörkin.
- 14,5 - 17,3 Konglomerat - gráir molar í brúnleitu milliefni, leirkenndu. Mikið af smáum sprungum, samliðum af kalkspati.
- 17,3 - 31,6 Basalt, ljósgrátt, fínkornótt blöðrótt og holufyllt með dökkgrænum leirkenndum línunum fyllingum. Stakir ljósir dílar. Verður smám saman dekkra á lit er neðar dregur í lagið. Meira frauðkennt neðsta 1/2 m við mörkin. Mjög sprungið með fyllingum af zeolítum.
- 31,6 - 31,8 Tígulsteinsrautt millilag, nokkuð heillegt.
- 31,8 - 33,1 Rauðgráleitt, dulkornótt basalt, blöðrótt og holufyllt, með grænni yfirborðshúð yfir hvítum fyllingum.
- 33,1 - 33,4 Breksierað basalt. Ljósgrátt uppsprungið basalt límt með dökku leirkenndu milliefni og hvítum fyllingum.
- 33,4 - 36,4 Basalt - svargrátt, dulkornað, fremur þétt með stökum dökku holufyllingum. Töluvert sprungið með hvítum sprungufyllingum (m.a. zeolítar).

- 36,4 - 37,3 m Konglomerat. Gráleitir fremur homogénir basaltmolar, lítið kantslípaðir í dökku milliefni.
- 37,3 - 44,0 Basalt- svaigrátt dulkornað, þétt með stökum ljósum dílum. Mikið sprungið með zeolítfyllingum í sprungunum.
- 44,0 - 49,1 Gráleitt, uppsprungið basalt, límt með dekkra milliefni og sum staðar með rauðu leirkenndu ívafi. Mjög lint efst í laginu.
- 49,1 - 51,7 Grænleitt, leirkennt berg, mjög molað. Brúnleitt neðar frá ca. 50,5 m d. Neðst er bergið næstum svart, mjög molað.
- 51,7 - 52,7 Basalt - dökkgrátt með grænleitri slikju smáblöðarótt og holufyllt. Fremur lint og stökkt.
- 52,7 - 53,1 Svart mjög lint, myndbreytt, molað berg. Efst í laginu má sjá að það er basalt, þar sjást m.a. holufyllingar.
- 53,1 - 63,8 Basalt - svaigrátt, dulkornað og þétt. Stakar holur fylltar dökkum fyllingum. Mjög sprungið, sérstaklega á bilinu 58,0 - 63,0 m d. með hvítum sprungufyllingum.
- 63,8 - 68,1 Konglomerat. Efst er 2-3 cm leirkennt lag. Gráleitt konglomerat, efst eru völnar kantslípaðar, neðar verða þar meira kantaðar. Frá u.þ.b. 65,5 m d. gæti lagið frekar kallast breksierað.

- 68,1 - 69,5 m Leirkennt millilag, rauðbrúnt á lit efst, grænleitt neðst. Mjög molað.
- 69,5 - 83,3 Basalt - svart með grænleitri sliktu lint, myndbreytt efstu 1 - 1 1/2 m. Síðan ljósgrátt, dulkornað og þétt. Nokkuð sprungið með hvítum og dökkum sprungufyllingum.
- 83,3 - 84,3 Rauðbrúnt, leirkennt millilag, mjög molað.
- 84,3 - 86,2 Konglomerat. Gráleitar ávalar basaltvölur í brúnleitu, leirkenndu milliefni og með hvítum fyllingum.
- 86,2 - 100,6 Basalt - grænleitt, þétt, myndbreytt efsta metrann. Síðan ljósgrátt dulkornað með dökkum línur holufyllingum og einnig hvítum. Mjög sprungið með svörtum gljásandi sprungufyllingum.

Sýnishorn

Dýpi í m Bakki I	Dýpi í m Bakki II	Dýpi í m Bakki III
11,1	42,9	68,9
12,3	44,0	69,2
13,8	44,6	70,1
13,9	45,4	72,9
14,2	45,8	74,0
14,6	46,2	76,2
17,6	47,1	77,8
17,9	48,0	80,0
19,9	48,5	83,2
24,4	49,4	83,4
29,0	49,7	83,9
31,5	50,9	84,3
31,8	51,5	84,4
32,5	52,1	84,7
33,2	52,2	85,4
33,4	53,0	85,9
34,3	53,7	86,3
35,7	56,3	90,5
36,3	57,1	94,5
36,9	58,3	97,7
37,3	61,4	100,4
37,5	63,9	
38,2	64,6	
41,6	65,2	
42,1	65,4	
	65,6	
	66,0	
	67,0	
	67,3	
	68,0	
	68,2	
	68,6	

Bor: Sullivan I

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Hveravík Steingrímsfirði
Jarðlagasnið

3.10.66 H.K./Gyða

J-Steingrímsfj.

Tnr. I

Fnr. 7580

Dýpi
m

